

Ed.

595. Frumvarp til laga

[83. mál]

um lax- og silungsveiði.

(Eftir 3. umr. í Nd.)

Samhljóða þskj. 551 með þessum breytingum:

16. gr. hljóðar svo:

1. Eigi má hafa ádrátt í ósi straumvatns eða ósasvæði.
2. Eigi má veiða fisk í ósum í ár eða ósum í stöðuvötn og eigi 100 metra upp frá slíkum ósum eða 250 metra niður frá þeim. Eigi má heldur veiða fisk í ósum úr stöðuvötnum þeim, er lax eða göngusilungur fer um, né 50 metra upp eða niður frá slíkum ósum.
3. Ráðherra getur, eftir tillögum veiðimálastjóra, veitt undanþágu að nokkru leyti eða öllu frá banni því, er ræðir um í 1. og 2. málsg., þar sem svo hagar til, að veiði í ós eða við er eigi talin skaðvænleg.
4. Ráðherra er rétt með samþykki veiðimálanefndar, hlutaðeigandi veiði- eða fiskræktarfélags, ef til er, og eftir tillögum veiðimálastjóra að banna alla veiði eða tiltekna veiðiaðferðir upp eða niður frá ósi, enda þyki það nauðsynlegt til viðhalds veiði í vatni. Bann þetta skal standa tiltekinn tíma, og má binda það því skilorði, að veiðieigendur eða ábúendur greiði bætur þeim aðila, sem öðrum fremur missir af veiði vegna slíks banns. Ákveða má bætur með mati samkvæmt 107. gr., ef eigi semur.

118. gr. hljóðar svo:

Lög þessi öðlast gildi 1. október 1957, og eru jafnframt úr gildi numin:

Lög nr. 36 13. júní 1937, um klaksjóð, heimild fyrir ríkisstjórnina til að reisa klakstöðvar og til leigunáms í því skyni.

Lög nr. 112 9. okt. 1941, um lax- og silungsveiði.

Lög nr. 40 30. júní 1942, um breyting á lögum nr. 112 9. okt. 1941, um lax- og silungsveiði.

Lög nr. 94 16. des. 1943, um breyting á lögum nr. 40 30. júní 1942, um breyting á lögum nr. 112 9. okt. 1941, um lax- og silungsveiði.

Lög nr. 8 11. marz 1946, um breyting á lögum nr. 112 9. okt. 1941, um lax- og silungsveiði.

Lög nr. 22 22. marz 1949, um breyting á lögum nr. 112 1941, um lax- og silungsveiði.

Lög nr. 98 18. des. 1950, um breyting á lögum nr. 40 1942, um breyting á lögum nr. 112 1941, um lax- og silungsveiði.

Lög nr. 101 23. des. 1952, um breyting á lögum nr. 112 1941, um lax- og silungsveiði.

Lög nr. 27 16. febr. 1953, um breyting á lögum nr. 36 13. júní 1937, um klaksjóð, heimild fyrir ríkisstjórnina til að reisa klakstöðvar og til leigunáms í því skyni.

Önnur ákvæði laga, er fara í bág við lög þessi.